

Ed.

535. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

31. gr. laga nr. 115 1936 orðist svo:

Nú vill alþingismaður beiðast skýrslu ráðherra, óska upplýsinga eða svars um einstök atriði eða mál, og gerir hann það með fyrirspurn í sameinuðu Alþingi, er afhent sé forseta. Fyrirspurnir skulu vera skýrar, um afmörkuð atriði og mál, og sé við það miðað, að hægt sé að svara þeim í stuttu máli. Engar greinargerðir skulu skráðar né prentaðar með fyrirspurnum. Forseti felur skrifstofu Alþingis að safna saman þeim fyrirspurnum, er þannig kunna fram að koma, og láta prenta þær vikulega, ef horízt hefur ein fyrirspurn eða fleiri, og útbýta meðal þingmanna á fundi. Á næsta fundi sameinaðs Alþingis ber forseti það undir atkvæði umræðulaust, hvort fyrirspurn, hver um sig á listanum, skuli leyfð eða ekki. Eigi síðar en viku eftir að fyrirspurnalista er útbýtt, skal forseti síðan taka á dagskrá þingsins í upphafi fundar sérstakan lið, er nefnist fyrirspurnir. Ráðherra sá eða ráðherrar, er hlut eiga að máli, svara þá fyrirspurn þeirri eða fyrirspurnum, sem leyfðar hafa verið, og er þingmönnum þá rétt að taka þátt í umræðum. Þó mega þingmenn, aðrir en ráðherrar, ekki tala oftár en tvisvar um hverja fyrirspurn, og eigi lengur en 5 mínútur í senn.

Rétt er alþingismönnum einnig að nota sér heimild 54. gr. stjórnarskrárinnar um að beiðast skýrslu ráðherra í þingdeildum.

Við umræður um fyrirspurnir má engar ályktanir gera.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.